

- 2.5.3 Hlutfall einstakra næringarefna við áburðarvökvun á ræktunartímanum skal vera:
Gúrkur: N = 100 : P 10-15, K 100-150, Ca 50-100, Mg 20-30 og S 30-50.
Paprikur: N = 100 : P 15-25, K 100-150, Ca 60-120, Mg 25-40 og S 40-60.
Tómatar: N = 100 : P 15-25, K 100-150, Ca 60-120, Mg 25-40 og S 40-60.
Salat: N = 180 : P 25, K 260, Ca 45, Mg 20 og S 20.
- 2.5.4 Skrá skal áburðarnotkun ræktunarinnar, frá og með byrjun ræktunar.
- 2.6 Framleiðandi sem ekki virðir og fylgir settum reglum varðandi vistvæna ræktun getur misst réttinn til að merkja og markaðssetja vöru sína undir merkjum vistvænnar ræktunar í lengri eða skemmri tíma.
- 2.7 Sérhverjum þeim sem ræktar undir merkjum vistvænnar ræktunar er skylt að veita eftirlitsaðila allar umbeðnar upplýsingar um ræktunina.
- 3.0 RÆKTUN UTANDYRA.**
- 3.1 Ákvæði þessi taka til ræktunar blaðlauks, blómkáls, gulrófna, gulróta, hvítkáls, kartafna, kínakáls, salats, spergilkáls og stilksellerís.
- 3.2 Ekki er leyfilegt að markaðssetja sömu grænmetistegund bæði undir merkjum vistvænnar og hefðbundinnar ræktunar.
- 3.3 Plöntulyf má aðeins nota í neyðartilvikum eða samkvæmt notkunaráætlun. Í notkunaráætluninni skal m.a. koma fram hvaða lyf muni væntanlega verða notuð.
- 3.4 Einungis er leyfilegt að nota viðurkennd plöntu- og illgresislyf og í fullu samræmi við notkunarleiðbeiningar.
- 3.5 Skrá verður á sérstök eyðublöð alla notkun plöntu- og illgresislyfja frá og með byrjun ræktunar.
- 3.6 Vinna skal sérstaka áætlun varðandi áburðargjöf sem tekur mið af þörfum plantnanna og jarðvegssýnum. Öll frávik skal skrá og rökstyðja. Hámarksnotkun köfnunarefnis í tilbúnum áburði skal miðast við 180 kg N/ha.
- 3.7 Skrá verður á sérstök eyðublöð alla áburðarnotkun frá og með byrjun ræktunar.
- 3.8 Framleiðandi sem ekki virðir og fylgir settum reglum varðandi vistvæna ræktun getur misst réttinn til að merkja og markaðssetja vöru sína undir merkjum vistvænnar ræktunar í lengri eða skemmri tíma.
- 3.9 Sérhverjum þeim sem ræktar undir merkjum vistvænnar ræktunar er skylt að veita eftirlitsaðila allar umbeðnar upplýsingar um ræktunina.

REGLUGERÐ

um áfengisgjald.

I. KAFLI

Gjaldskylda, gjaldskyldir aðilar, gjaldflokkar.

Gjaldskylda.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald, áfengisgjald, af áfengi samkvæmt reglugerð þessari.

Áfengi telst vera hver sá vökvi sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Áfengismagn og áfengisinnihald skal ákveða við 20°C.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu vörur sem innihalda meira en 2,25% af vínanda, en eru óhæfar til neyslu og ekki er hægt að gera neysluhæfar, undanþegnar áfengisgjaldi.

Gjaldskyldir aðilar og skráning.

2. gr.

Gjaldskyldir eru allir þeir sem flytja inn áfengi eða framleiða áfengi hér á landi, til sölu eða vinnslu.

Enn fremur skulu þeir greiða áfengisgjald sem flytja áfengi með sér til landsins eða fá það sent erlendis frá, til eigin nota.

Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila skv. 1. mgr. Eigi skal færa aðila á skrá nema hann hafi tilskilið leyfi ríkislögreglustjóra skv. 6., 8. og 9. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

Gjaldflokkar.

3. gr.

Áfengisgjald skal vera sem hér segir á hvern sentílítra af vínanda í hverjum lítra hins áfenga drykkjar samkvæmt flokkun hans í tollskrá:

1. 58,70 kr. á hvern sentílítra umfram 2,25 sentílítra af öli sem flokkast í vörulið 2203, svo og af vörum sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk og flokkast í vörulið 2206.
2. 52,80 kr. á hvern sentílítra umfram 2,25 sentílítra af eftirtöldum vörum, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og innihaldi eingöngu vínanda sem myndast hefur við gerjun, án hvers kyns eimingar:
 - a. víni sem flokkast í vöruliði 2204 og 2205.
 - b. gerjuðum drykkjarvörum sem flokkast í vörulið 2206, annað hvort óblönduðum eða þynntum með sams konar óáfengri drykkjarvöru og er að finna í hinni íblönduðu drykkjarvöru (t.d. cider).
3. 57,50 kr. á hvern sentílítra af öðru áfengi.

Gjald skv. 1. mgr. skal reiknast hlutfallslega á brot af sentílítra af vínanda, reiknað með tveimur aukastöfum, og brot af lítra hins áfenga drykkjar.

Ef umbúðir vöru greina ekki magn eða styrkleika áfengis sem aðilar sem tilgreindir eru í 2. mgr. 2. gr. flytja til landsins eða fá sent erlendis frá er töllyfirvöldum heimilt að meta magn eða styrkleika áfengis og ákvarða gjald samkvæmt því.

II. KAFLI

Álagning, uppgjörstímabil, gjalddagi o.fl.*Álagning.*

4. gr.

Áfengisgjald af innfluttu áfengi skal innheimt ásamt aðflutningsgjöldum við toll-afgreiðslu nema annað leiði af reglugerð þessari.

Af áfengi, sem framleitt er innanlands til sölu þar, reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla fer fram.

Verði rýmun á vörulager án þess að sala eða afhending komi fram í birgðabókhaldi ber gjaldskyldum framleiðanda ótilkvöddum að greiða áfengisgjald vegna vörurýmunar á því uppgjörstímabili þegar rýmunar verður vart.

Greiðslufrestur við innflutning.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. er tollstjórum heimilt að veita skráðum innflytjendum greiðslufrest á áfengisgjaldi vegna tollafgreiðslu á innfluttu áfengi.

Hvert uppgjörstímabil vegna greiðslufrests á áfengisgjaldi við innflutning er frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðar. Innflytjandi sem fengið hefur greiðslufrest skal eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddur greiða tollstjóra áfengisgjald sem honum hefur verið lánað.

Áfengisgjaldi skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils vegna tollafgreiðslna á því tímabili.

Að öðru leyti skal fara um skilyrði, umsókn, tryggingar o.fl. eftir ákvæðum reglugerðar nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti og öðrum aðflutningsgjöldum í tolli, með síðari breytingum, þó að undanskilinni 2. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

Gjalddagi og uppgjörstímabil framleiðenda innanlands.

6. gr.

Hvert uppgjörstímabil vegna innlendrar framleiðslu er frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðar.

Framleiðandi skal eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddur greiða innheimtumanni ríkissjóðs, í umdæmi því þar sem hann er heimilisfastur, áfengisgjald sem honum ber að standa skil á.

Áfengisgjaldi af innlendri framleiðslu, ásamt áfengisgjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

Vangreitt áfengisgjald við innflutning.

7. gr.

Sé gjald af innfluttu áfengi ekki greitt á gjalddaga, sbr. 3. mgr. 5. gr., skal tollstjóri synja innflytjanda um frekari greiðslufrest á áfengisgjaldi meðan vanskil vara. Jafnframt skulu dráttarvextir reiknast samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 á vangreitt áfengisgjald frá og með gjalddaga.

Hafi áfengisgjald ekki verið greitt innan fimmtán daga frá gjalddaga skal gengið að sjálfskuldarábyrgð innflytjanda og nægir einföld krafa tollstjóra til ábyrgðaraðila. Greiðsla skal hafa borist tollstjóra innan sjö daga frá dagsetningu kröfubréfs. Hafi greiðsla eigi borist innan þess tíma skal tollafgreiðsla til viðkomandi innflytjanda þegar stöðvuð og ekki hefjast að nýju fyrr en fullnaðarskil hafa verið gerð.

Tollstjóri getur svipt innflytjanda heimild til greiðslufrests vegna ítrekaðra vanskila á greiðslu áfengisgjalds svo og ef skilyrðum reglugerðar nr. 640/1989 er ekki lengur fullnægt. Greiðslufrestur fellur niður þegar ákvæði 3. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 55/1987 eiga við.

Vangreitt áfengisgjald af framleiðslu innanlands.

8. gr.

Sé áfengisgjald af innlendum framleiðsluvörum ekki greitt á gjalddaga, sbr. 3. mgr. 6. gr., skal aðili sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef áfengisgjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og áfengisgjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag skv.1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærri en 10%.

Sé áfengisgjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er.

III. KAFLI

Eftirgjöf áfengisgjalds.*Undanþágur frá áfengisgjaldi.*

9. gr.

Eftirfarandi er undanþegið áfengisgjaldi:

1. Sala áfengis úr landi.
2. Innflutningur og sala áfengis til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951.
3. Innflutningur og sala áfengis í tollfrjálsar forðageymslur.
4. Innflutningur og sala til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Við sölu til þessara aðila er skilyrði að seljandi hafi í bókhaldi sínu áritaða heimild frá utanríkisráðuneytinu.
5. Innflutningur ferðamanna og farmanna á áfengi við komu frá útlöndum, samkvæmt heimildum í reglugerð nr. 251/1992, með síðari breytingum.
6. Innflutningur og sala til lækna og lyfsala sem heimild hafa til að selja áfengi sem talið er upp í lyfjaskrá og selt sem lyf.
7. Innflutningur og sala til framleiðenda sem hafa leyfi til framleiðslu áfengis samkvæmt 6. gr. áfengislaga, í samræmi við ákvæði 13. gr. reglugerðar þessarar.
8. Innflutningur og sala á neysluhæfum vínanda til framleiðslu á óneysluhæfum vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota, í samræmi við ákvæði 13. gr.

Lækkað áfengisgjald.

10. gr.

Af áfengi sem flutt er til landsins eða framleitt hér á landi og selt til tollfrjálsra verslana ber að innheimta áfengisgjald sem hér segir af hverjum lítra hins áfenga drykkjar:

- | | |
|--|-----------|
| 1. Öl með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli | 50 kr. |
| 2. Vín með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli | 120 kr. |
| 3. Aðrir áfengir drykkir: | |
| a. Með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli eða minna | 215 kr. |
| b. Með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli | 315 kr. |
| c. Með yfir 32% til og með 43% af hreinum vínanda að rúmmáli | 415 kr. |
| d. Með yfir 43% til og með 55% af hreinum vínanda að rúmmáli | 515 kr. |
| e. Með yfir 55% til og með 70% af hreinum vínanda að rúmmáli | 700 kr. |
| f. Með yfir 70% af hreinum vínanda að rúmmáli | 1.150 kr. |

Hafi aðili, sem flytur með sér áfengi til landsins til eigin nota umfram það sem magn sem honum er heimilt að flytja inn gjaldfrjálst skv. reglugerð nr. 251/1992, keypt áfengið í tollfrjálsri verslun hér á landi, ber honum einungis að greiða mismun áfengisgjalds skv.

1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda framvísi hann kvittun sem sýni að áfengið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.

Endurgreiðsla áfengisgjalds vegna sölu skv. 1.- 4. tölul. 9. gr. og 10. gr.

11. gr.

Hafi gjald þegar verið greitt af áfengi sem síðar er afhent eða selt til aðila sem tilgreindir eru í 1.- 4. tölul. 9. gr. eða 10. gr. getur aðili sótt um endurgreiðslu til tollstjóra í því umdæmi þar sem hann er heimilisfastur.

Umsókn skulu fylgja afrit viðkomandi sölureikninga og önnur þau gögn sem tollstjóri telur nauðsynleg.

Endurgreiðsla áfengisgjalds skal fara fram á gjalddaga þess, sbr. 5. og 6. gr.

Skilyrði fyrir eftirgjöf skv. 1.- 3. tölul. 9. gr. og 10. gr. er að fullnægt sé ákvæðum IV. kafla reglugerðar nr. 545/1990, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl.

Áfengisgjaldsskírteini.

12. gr.

Framleiðendur áfengis geta fengið heimild hjá ríkisskattstjóra til niðurfellingar á áfengisgjaldi við eigin innflutning eða kaup á áfengi eða vínanda í framleiðslu sína. Sömu-leiðis geta framleiðendur á óneysluhæfum vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna og annarra verklegra nota fengið heimild hjá ríkisskattstjóra til niðurfellingar á áfengisgjaldi við eigin innflutning eða kaup á vínanda í framleiðslu sína.

Aðilar sem verða sannanlega að nýta neysluhæfan vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna eða annarra verklegra nota geta fengið heimild hjá ríkisskattstjóra til kaupa á vínanda án áfengisgjalds.

Aðilar sem óska eftir heimild til niðurfellingar gjalds við innflutning eða kaup á áfengi eða vínanda samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. skulu sækja um heimild til ríkisskattstjóra. Umsókn skal vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Telji ríkisskattstjóri að fullnægjandi upplýsingar séu komnar fram gefur hann út sérstakt skírteini til viðkomandi. Í skírteininu skulu tilgreindar heimildir til niðurfellingar gjalds vegna innflutnings eða kaupa á áfengi eða vínanda, eftir því sem við á hverju sinni. Ríkisskattstjóri getur takmarkað magn áfengis eða vínanda sem heimilt sé að fá gjald fellt niður af á grundvelli skírteinis.

Niðurfelling og endurgreiðsla gjalds vegna innflutnings eða kaupa skírteinishafa.

13. gr.

Handhafar áfengisgjaldsskírteinis skv. 1. mgr. 12. gr., sbr. 4. mgr. sömu greinar, skulu fá fellt niður gjald við innflutning á áfengi eða vínanda til framleiðslu sinnar.

Innflytjandi getur á gjalddaga hvers uppgjörstímabils fengið endurgreitt gjald af áfengi eða vínanda sem hann hefur flutt til landsins og gjald reiknaðist af við innflutninginn, hafi hann selt vöruna án áfengisgjalds til handhafa áfengisgjaldsskírteinis. Skilyrði endurgreiðslu er að kaupandi framvísi skírteini við kaupin og innflytjandi skrái númer þess og gildistíma á sölureikninginn.

Sækja skal til ríkisskattstjóra um endurgreiðslu skv. 2. mgr. á sérstakri skýrslu sem vera skal á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Á skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um sölu þess áfengis eða vínanda sem endurgreiðslubeiðnin snertir, m.a. heiti kaupenda, heildarsölumagn og fjárhæð gjalds sem óskað er endurgreiðslu á. Innflytjanda er heimilt að láta ríkisskattstjóra í té yfirlit yfir þá viðskiptavinum sem kaupa af honum vínanda eða áfengi án áfengisgjalds á grundvelli skírteinis og þarf hann þá ekki að tilgreina nöfn kaupenda á skýrslu hverju sinni. Skýrslu skal skilað eigi síðar en tveimur dögum fyrir gjalddaga uppgjörstímabils.

Fallist ríkisskattstjóri á skýrsluna án frekari skýringa skal endurgreiðsla fara fram á næsta gjalddaga þar á eftir.

IV. KAFLI

Bókhald og eftirlit.

Bókhald og skráning viðskipta.

14. gr.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu haga bókhaldi sínu og uppgjöri á áfengisgjaldi þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti skila þeirra á gjaldinu.

Innflytjendum og heildsölum er skylt að halda birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðendum er skylt að halda framleiðsluskýrslur og birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðsluskýrslur skal halda með þeim hætti að hægt sé með auðveldum og öruggum hætti að rekja hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða. Birgðabókhald skal haldið með þeim hætti að hægt sé að rekja sérhverja átöppun eða innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhaldi og hvenær sem er bera saman vörubirgðir og niðurstöðu birgðabókhalds. Í birgðabókhaldi þarf að koma fram á aðgengilegan hátt ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands, útflutnings, rannsókna, rýrnunar og skýringa á henni eða annarra atriða.

Gjaldskyldur aðili skal skrá sérhverja sölu áfengis á sölureikninga til samræmis við ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila.

Gjaldskyldur aðili skal veita ríkisskattstjóra upplýsingar um heildarsölu sína skipt niður á viðskiptamenn og tímabil telji hann slíkt nauðsynlegt vegna eftirlits. Kaupendur áfengis sem um getur í 6., 8., 9. og 13. gr. áfengislaga skulu halda sérstaka innkaupareikninga í bókhaldi sínu og veita ríkisskattstjóra sams konar upplýsingar um innkaup sín sé þess óskað.

Um bókhald fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 145/1994, um bókhald, með áorðnum breytingum.

Eftirlit.

15. gr.

Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með starfsemi framleiðenda innanlands samkvæmt reglugerð þessari.

Framleiðanda ber að veita eftirlitsmönnum aðgang að öllum húsakynnum, sem nýtt eru til áfengisframleiðslu og birgðahalds svo og bókhaldsgögnum er sýna hráefnisnotkun og birgðir vöru. Hann skal láta eftirlitsmönnum í té fullnægjandi aðstöðu að mati ríkisskattstjóra þegar þeir sinna eftirlitsstörfum í atvinnuhúsnæði hans.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið að átöppun áfengis skuli fara fram undir eftirliti og skal því aðeins taka tillit til rýrnunar að förgun úrgangsefna og skemmdir eða gallaðrar framleiðslu fari fram undir eftirliti. Hann getur einnig ákveðið að innsigla skuli framleiðslutæki og -búnað svo og geyma og kúta sem notaðir eru undir áfengi sem selt er í miklu magni m.a. til veitingahúsa. Ríkisskattstjóri ákveður gerð og notkun innsigla. Hann getur sett reglur um afskriftir og töku rannsóknarsýna við framleiðslu áfengis.

Um eftirlit ríkisskattstjóra og tollstjóra að öðru leyti fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og ákvæðum tollalaga.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Stofn til virðisaukaskatts.

16. gr.

Áfengisgjald myndar stofn til virðisaukaskatts hvort sem vara er flutt inn eða keypt innanlands til eigin nota, framleiðslu eða endursölu.

Gildissvið gagnvart tollalögum og lögum um virðisaukaskatt.

17. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, upplýsingaskyldu, eftirlit, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi áfengisgjald af innfluttu gjaldskyldu áfengi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, kærur og úrskurði um ákvörðun á áfengisgjaldi, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, upplýsinga-skyldu, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi áfengisgjald af innlendri framleiðsluvöru skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga um virðisaukaskatt, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 6. ágúst 1998.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jónas N. Möller.

19. ágúst 1998

Nr. 506

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og
nýtingu hlunninda af villtum fuglum.**

1. gr.

Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 456/1994 breytist töluliður nr. 3 og hljóðar svo:

Frá 1. september til 15. mars: Fýll, dílaskarfur, toppskarfur, blesgæs, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmáfur, hettumáfur, rita.

2. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. bætist nýr töluliður nr. 7, sem hljóðar svo:

Frá 1. september til 15. mars: Helsingi, nema í Austur-Skaftafellssýslu en þar er friðun helsingja aflétt frá 25. september til 15. mars.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð með heimild í lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þessi stytting á veiðitíma helsingja sem ákveðin er til friðunar á varpstofni helsingja í Austur-Skaftafellssýslu skal endurskoðuð eigi síðar en 1. ágúst 2003.

Umhverfísráðuneytinu, 19. ágúst 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Sigurður Á. Práinsson.